



Fundur í sveitarstjórn

46. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri, Þórshöfn fimmtudaginn 28. apríl 2016 og hófst kl 17:04.

Mætt voru: Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Dagrún Þórisdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 383. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 01. apríl 2016**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 2. Fundargerð 1. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, dags. 11. mars 2016**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 3. Fundargerð 16. fundar fræðslunefndar Langanesbyggðar dags. 5. apríl 2016**
Liður 2 Leikskóli Bakkafjarðar – ráðning starfsmanns
Fræðslunefnd leggur til að Ewa Kotowska verði ráðin leiðbeinandi tímabundið.
Sveitarstjórn samþykkir ráðninguna.
Samþykkt samhljóða.
Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.
- 4. Fundargerð 17. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. apríl 2016**
Liður 1. Byggingarleyfisumsókn – Austurvegur 6 – breyting viðbyggingu
Sótt er um leyfi til að breyta viðbyggingu að Austurvegi 6 (neðri hæð) og sólpalli í samræmi við framlögð drög að teikningum. Á fundi þann 01.04.2016 bókaði nefndin að hún tæki ekki afstöðu til erindisins fyrr en að aflokinni grenndarkynningu og að grennd teldist vera Austurvegur 2, 4, 8, 10 og Miðholti 1 til 7.
Umsækjandi hefur nú lagt fram gögn vegna grenndarkynningar.
Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti erindið og leggur til að sveitarstjórn feli byggingarfulltrúa útgáfu leyfis þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.
Bókun:
Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsnefndar á erindinu.
Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

Liður 2. Byggingarleyfisumsókn – Hafnarvegur 4-6 – brunahólfun

Sótt er um byggingarleyfi vegna fyrirhugaðra breytinga innanhúss í verksmiðju Ísfélagsins að Hafnarvegi 2-6. Breytingarnar snúa að brunahólfun og fela í sér uppsetningu á brunahólfandi vegg á milli mjölgeymslu og verksmiðju í samræmi við framlögð gögn.

Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti erindið og leggur til að sveitarstjórn feli byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsnefndar á erindinu.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

5. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. ársskýrsla og ársreikningur 2015

Lögð fram til kynningar

6. Ályktun Sauðfjárnænda deildar Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga vegna nýs búvörusamnings

Lögð fram til kynningar.

7. Innanríkisráðuneytið – breytingar á samþykktum

Lagt var fram bréf frá Innanríkisráðuneytinu þar sem samþykkt er breyting á samþykkt sveitarfélagsins, einnig er framlagt fundarplan sveitarstjórnar út árið 2016.

8. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. arðgreiðslur til hluthafa

Lagt fram til kynningar.

9. Innsent erindi – Norðurhjari ósk um samstarf

Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við bréfitara og fá fram nánari útlistun á hugmyndum þeirra, hugmyndir skulu vera kostnaðarmetnar.

Samþykkt samhljóða.

10. Eignasjóður – Viðhald eigna

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti minnisblöð frá EFLU verkfræðistofu.

Húsnæði Grunnskóla Þórshafnar. Frá síðasta fundi sveitarstjórnar hefur verið unnið að frekari úttekt á þeim áskorunum og viðhaldsverkefnum sem liggja fyrir í húsnæði skólans. Fyrir liggur frumkostnaðaráætlun að fjárhæð 56 milljónir. Áætlunin innifelur ný gólfefni á stóran hluta hússins, endurgerð þaks á elsta hluta skólahússins, þak á anddyri og tengibyggingu, endurnýjun innanhúss í elsta hluta hússins, endurnýjun hitalagna og ofna í hluta húss og stofnlagnir. Áætlun er eins og áður sagði svokölluð frumáætlun og því eru frávík möguleg. Unnið er að útfærslu framkvæmda og tímaáætlunar, rætt hefur verið við iðnaðarmenn og fundað með sérfræðingum.

Lagt er til að sveitarstjórn heimili framkvæmdina í samræmi við umræður og minnisblað EFLU verkfræðistofu, miðað verði við að ljúka framkvæmdum fyrir upphaf næsta



LANGANESBYGGÐ

skólaárs ef nokkur kostur er.

Nýbygging leikskóla. Sveitarstjóri fór yfir hvað gert hefur verið undanfarið, verkefnisstjóri hefur fundað með ráðgjöfum. Sakir fyrirsjáanlegra framkvæmda á eldra húsnæði kom sveitarstjóri á tengslum á milli verkefnisstjóra og EFLU, hugsunin er að þeir vinni saman þar sem verkefnin skarast. Miðað er við að gæta ítrasta hagræðis og reyna eftir því sem kostur er að nýta viðhaldsframkvæmdir til þess að vinna í haginn fyrir nýbygginguna.

Vegna fyrirsjáanlegra framkvæmda á eldra húsnæði skólans þá er lagt til að verkefnisstjóri og sérfræðingar verði fengnir til að greina áætlaðan kostnað og koma með ábendingar um möguleg samlegðaráhrif og eða sparnaðaraðgerðir.

Íþróttahús. Í fundargögnum er frumkostnaðaráætlun vegna endurnýjunar á þaki, viðgerða á límtré og uppsetningar á loftræstikerfi. Áætlunin innifelur 5 valkosti og áfangaskiptingar. Heildarkostnaður m.v. fullnaðarviðgerð er áætlaður 108 til 117 milljónir.

Lagt er til að áfram verði unnið að framkvæmdaáætlun.

Félagshemili. Mikil nauðsyn er að lagfæra húsið að utan og bæta útlit þess.

Lagt er til að tilboða verði aflað í nauðsynlegar múrviðgerðir, málun og annað það sem gera þarf.

Samantekt. Ljóst er að öll þau verkefni sem hér að ofan eru nefnd munu verða sveitarfélaginu þung í skauti. Því er ljóst að um leið og nauðsynlegt er að láta verkin tala þá má hvergi rasa um ráð fram. Gæta verður að fjárhagslegum áhrifum um leið og allt er gert sem mögulegt er til að bæta ástand fasteigna.

Lagt er til að verkefnin verði metin hvert fyrir sig en að um leið verði búin til samantekin áætlun fyrir öll verkefnin hvar samhengis verði gætt hvað varðar fjármögnun, framkvæmdatíma og möguleg aðföng. Metið verði hver áhrif framkvæmda verði á sveitarsjóð til lengri og skemmri tíma.

Bókun.

Sveitarstjóra er falið að vinna áfram að framgangi framkvæmda við núverandi húsnæði grunnskólans og hefja framkvæmdir. Sveitarstjóra er einnig falið að gera áætlun vegna annarra verkefna og sameiginlega áætlun vegna allra framkvæmda, þá áætlun skal leggja fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar.

4 samþykkir, Karl Ásberg, Björn Guðmundur og Halldóra Jóhanna sitja hjá.

11. Ársreikningur 2015 – Fyrri umræða

Magnús Jónsson frá KPMG kom á fundinn og fór yfir niðurstöðu ársreiknings 2015 og lykiltölur.

Lagt til að ársreikningi 2015 verði vísað til seinni umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

12. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri kynnti þau verk sem í gangi hafa verið.

Vinnu við forvarnarstefnu hefur verið haldið áfram og verður fundur haldinn fljótlega.



LANGANESBYGGÐ

Verið er að vinna í að auglýsa eftir skólastjóra við Grunnskólann á Þórshöfn og verður auglýst von bráðar.

N1 er að fara í endurbætur á sínum eignum og uppi eru vangaveltur um að samnýta verkið við umbætur hjá sveitarfélaginu.

Styrkur fékst frá Vinnumálastofnun til að ráða námsmann í sumar.

13. Trúnaðarfundur - Atvinnumál

Fundi lokað og trúnaðarfundur settur kl 20:17.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 21:34